

## Álit

um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2012 (08 Velferðarráðuneyti)

Frá 1. minni hluta velferðarnefndar.

### Heilbrigðisstofnanir.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir 1,5% hagræðingarkröfu til stofnana sem annast heilbrigðisþjónustu. Því til viðbótar kemur hagræðingarkrafa sem frestað var á árinu 2011.

Í máli gesta sem komu á fund nefndarinnar kom fram að enn liggja ekki fyrir formlegar tillögur einstakra heilbrigðisstofnana, fyrir utan Landspítalans, um hvernig fyrirhuguðum niðurskurði skuli mætt. Í minni hluti gagnrýnir harkalega hvernig staðið er að undirbúningi fyrir fjárlagagerðina. Öllum má vera ljóst að ekki verður gengið lengra í hagræðingu án þess að draga úr þjónustu og fækka störfum. Því sé sérstaklega alvarlegt að ekki liggi fyrir tillögur einstakra stofnana, utan Landspítalans, um hvernig fyrirhuguðum niðurskurði skuli mætt til að þingmenn geti tekið afstöðu til þeirra tillagna og metið áhrif á heilbrigðisþjónustu á viðkomandi landsvæðum.

Það er álit 1. minni hluta að nauðsynlegt verði fyrir velferðarnefnd að fjalla aftur um fjárlagafrumvarpið þegar tillögur stofnananna liggja fyrir og um hugsanlegar breytingartillögur fjárlaganefndar á fjárlagaramma heilbrigðismála.

Í skýrslunni *Samanburður fjárveitinga til heilbrigðisstofnana* sem Capacent vann fyrir fjögur sveitarfélög í Þingeyjarsýslum, Norðurþing, Tjörneshrepp, Skútustaðahrepp og Þingeyjarsveit, og sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagafjarðar (Capacent, 2011) er staðfest með tölulegum gögnum að niðurskurður hefur komið mjög misjafnlega við einstakar stofnanir og við einstaka þætti í heilbrigðisþjónustunni. Þegar skoðað er hvernig niðurskurður hefur verið eftir stofnunum kemur fram að hann hefur verið frá -17,4% (Landspítalinn) yfir í -34,8% hjá Heilbrigðisstofnun Þingeyinga. Næstmestur niðurskurður hefur verið hjá Heilbrigðisstofnuninni á Sauðárkróki (34,1%) og Heilbrigðisstofnun Vestmannaeyja (32,8%).

Afleiðingin er að íbúar á þessum svæðum búa við umtalsvert breytta og skerta þjónustu. Öfugt við þróun fjárveitinga til heilbrigðisstofnana hafa fjárveitingar til sérfræðilækna hækkað frá 2008. Sú þjónusta er misdreifð um landið, og íbúar höfuðborgarsvæðisins nýta sér þá þjónustu þrefalt meira en íbúar Norðurlands.

Fyrsti minni hluti mótmælir harðlega því að niðurskurður til heilbrigðisþjónustu komi á þennan máta harðar niður á íbúum einstakra landsvæða, þá sérstaklega í dreifðari byggðum landsins.

### Þjónustustýring.

Í skýrslu ráðgjafarhóps velferðarráðuneytisins um skipulag heilbrigðisþjónustu og ráðstöfun fjármuna kemur fram að útgjöld ríkisins til heilbrigðisþjónustu hafa aukist frá árinu 2008 á meðan að á sama tíma hefur dregið úr fjárveitingum til opinberra heilbrigðisstofnana.

Mikilvægt er að skipuleggja heilbrigðisþjónustuna þannig að fjármagn nýtist sem best. Í skýrslu ráðgjafarhópsins og skýrslu heilbrigðisráðherra *Áfangar í eflingu heilsugæslu segir*

að ekki sé skortur á heilbrigðisstarfsfólki. Árið 2008 voru 3,7 læknar á hverja 1.000 íbúa á Íslandi en meðaltal OECD var 3,2 læknar á hverja 1.000 íbúa. Vandinn sé frekar hvernig heilbrigðiskerfið sé skipulagt. Þar hefur sérstaklega verið bent á óheft aðgengi að sérfræðilæknum og að ekki sé við lýði þjónustustýring á borð við valfrjálst tilvísanakerfi, t.d. að danskri fyrirmynd. 1. minni hluti tekur því undir tillögur ráðgjafarhóps velferðarráðherra um innleiðingu þjónustustýringar, þ.m.t. um samræmda símsvörun, forvakt á bráðamóttöku og valfrjálst tilvísunarkerfi.

Þá gagnrýnir 1. minni hluti að þrátt fyrir fjölmargar skýrslur og vinnuhópa á vegum heilbrigðisráðherra og nú velferðarráðherra um stefnu varðandi skipulag heilbrigðiskerfisins skuli ekki liggja fyrir skýr stefnumörkun og þar af leiðandi beiðni um fjárveitingu til að undirbúa slíka skipulagsbreytingu af krafti.

### **Hjúkrunarrými.**

Almennt hefur verið lögð áhersla á að auka heimaþjónustu á móti því að sjúkra- og hjúkrunarrýmum verði fækkað. Heimahjúkrun ríkisins og félagsleg heimaþjónusta sveitarfélaga er mjög mislangt á veg komin eftir landshlutum.

Í skýrslunni *Samanburður fjárveitinga til heilbrigðisstofnana* sem áður var nefnd er fjallað töluvert um hjúkrunarrými. Þar kemur fram að við mat og útreikning á þörfum fyrir slíka þjónustu á árinu 2010 notaði velferðarráðuneytið upplýsingar um biðlista árána 2010 og 2011, meðaldvalartíma aldraðra á hjúkrunarheimilum og samsetningu hóps aldraðra á öldrunarheimilum. Sú samsetning var svo yfirfærð á biðlistana. Niðurstöður þessara útreikninga endurspeglast þó ekki í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2012. Í Þingeyjarsýslum, Skagafirði og á Vestfjörðum eru aðeins um 84% af þeim hjúkrunarrýmum sem reiknireglan gerir ráð fyrir en önnur svæði hafa einhverjum tilfellum yfir 100% af reiknaðri þörf. Þrátt fyrir þetta er ekki gert ráð fyrir aukningu í Skagafirði eða Þingeyjarsýslum, heldur frekar á höfuðborgarsvæðinu, Austurlandi og víðar.

Hvetur 1. minni hluti til að þetta verði skoðað sérstaklega.

### **Íbúðalánasjóður.**

Á fundi velferðarnefndar með Íbúðalánasjóði kom fram að umsóknir um 110% leiðina hefðu reynst um helmingi færri en gert var ráð fyrir. Þrátt fyrir það teldi sjóðurinn ekki ástæðu til að bakfæra hluta af sérstakri varúðarfærslu inn á afskriftareikninga vegna 110% leiðarinnar. Ástæðan væri að starfsmenn sjóðsins telja enn þá líkur á að viðskiptavinir sem eru of skuldsettir eða eiga í erfiðleikum með greiðslubyrði lána sinna mundu ekki geta staðið í skilum við sjóðinn.

Fyrsti. minni hluti telur því mjög brýnt að komið verði til móts við þennan hóp m.a. með breytingu á lögum um Íbúðalánasjóð og að tekið verði á vanda þess hóps sem er með lánsveð.

### **Safnliðir.**

Fyrsti minni hluti mótmælir því hvernig staðið hefur verið að breytingum á úthlutun svokallaðra safnliða Alþingis. Nauðsynlegt var að endurskoða fyrirkomulag úthlutunar. Lagði 1. minni hluti áherslu við fjárlagagerð ársins 2011 á að sú breyting yrði þannig að sérfræðingar og/eða sjóðir ættu að vera fastanefndum Alþingis til ráðgjafar og aðstoðar við afgreiðslu umsóknanna út frá áherslum sem fastanefndir ákvæðu. Þannig yrði betur tryggt að úthlutun fjármuna væri byggð á faglegum forsendum, gætt væri gegnsæis, hlúð að svæðisbundnum þörfum og virkt eftirlit viðhaft með nýtingu fjármuna.

Í stað þess hefur verið valin sú leið að færa þessa fjárliði í hendur framkvæmdarvaldsins. Ráðherrar munu því skipa ráðgjafarhópa í stað þess að Alþingi fái ráðgjöf og aðstoð við

úthlutun. Í stað þess að Alþingi úthluti til verkefnanna í samræmi við tillögur sérfræðinga munu ráðherrar úthluta þeim fjármunum. 1. minni hluti telur ráðherra ekki þurfa frekara fjárveitingarvald á kostnað Alþingis og hafnar því þessu fyrirkomulagi.

Þar sem skýr vilji virðist þó vera hjá stjórnarmeirihlutanum að veikja Alþingi enn frekar þá leggur 1. minni hluti til að reglum fjárlaganefndar um úthlutun styrkja af safnliðum verði breytt. Í fyrsta lagi að tillögur starfshópanna verði gerðar opinberar ásamt ákvörðun ráðherra. Í öðru lagi að sett verði inn ákvæði um að ráðherra eða starfshópar birti áherslur og skilyrði fyrir styrkveitingu áður en farið er yfir umsóknir. Í 4. gr. reglna um úthlutun styrkja á fjárlagaliðum mennta- og menningarmálaráðuneytis, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis, umhverfisráðuneytis og velferðarráðuneytis er fjallað um mat á umsóknum og er það mat 1. minni hluta að það sé algjörlega á valdi viðkomandi starfshópa að leggja mat á umsóknirnar á grundvelli þessara reglna, sbr. til að mynda skilyrði 4. gr. þess efnis að matið skuli byggjast á eftirtöldum sjónarmiðum: a) gildi og mikilvægi verkefnis fyrir starfsemi viðkomandi málaflokks, b) gildi og mikilvægi fyrir kynningu og markaðssetningu viðkomandi málaflokks, c) að umsækjanda takist að ná þeim markmiðum sem verkefnið miðar að, d) starfsferli og faglegum bakgrunni umsækjanda og annarra þátttakenda, e) fjárhagsgrundvelli verkefnis og/eða hvort umsækjandi hafi hlotið aðra styrki til sama verkefnis.

Þarna koma ekki fram neinar upplýsingar um það út frá hverju verður dæmt. Ekki er t.d. horft til þess hvað er mikilvægt fyrir krabbameinssjúka eða Mæðrastyrksnefnd? Hvort er betra fyrir kynningu og markaðssetningu viðkomandi málaflokks að verkefnið sé í fámenninu í Skaftárhreppi eða í fjöldanum í Reykjavík? Skiptir máli að viðkomandi hafi fengið styrk áður eða ekki? Skiptir máli kyn eða staðsetning verkefnisins út frá pólitískri stefnu um störf án staðsetningar eða kynjaða hagstjórn?

Fyrsti minni hluti hvetur til þess að reglurnar verði endurskoðaðar áður en úthlutun hefst.

Alþingi 25. nóv. 2011.

Eygló Harðardóttir.